Fimmtudaginn 17. apríl 1997.

Nr. 134/1996. **Kærunefnd jafnréttismála**
f. h. Brynju Birgisdóttur
(Ástráður Haraldsson hrl.)
gegn
Hagkaupum hf.
(Ásgeir Þór Árnason hrl.)
og gagnsök

Jafnrétti. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1996. Hann krefst þess, að uppsögn Brynju Birgisdóttur úr starfi innkaupamanns hjá gagnáfrýjanda 30. apríl 1993 verði dæmd ólögmæt og brot á meginreglum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnframt krefst hann þess, að gagnáfrýjandi greiði sér skaðabætur, að fjárhæð 2.112.615 krónur, með vöxtum á þann veg, sem nánar greinir í héraðsdómi. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málinu var gagnáfrýjað með stefnu 6. september 1996. Gagnáfrýjandi krefst staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en því, að honum verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að skaðabótakröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður falla.

I.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Mál þetta er lagt fyrir Hæstarétt á þann veg, að vegna skipulagsbreytinga í innkaupadeild gagnáfrýjanda fyrir sérvöru hafi verið efni til að fækka starfsmönnum um einn. Valið hafi staðið milli þess að segja Brynju Birgisdóttur upp störfum eða karlmanni, sem hafði sömu menntun og hún, en skemmri starfsaldur. Ekki er um það deilt, að atvinnurekandi hafi

almennt vald til að ráða og segja upp starfsmönnum sínum og að Brynju var sagt upp með tilskildum uppsagnarfresti og fékk greidd laun í fjóra mánuði, sem var einum mánuði meira en uppsagnarfrestur sagði til um. Ágreiningsefnið er því það eitt, hvort gagnáfrýjandi hafi við uppsögn Brynju farið út fyrir þær takmarkanir, sem lög nr. 28/1991 setja valdi hans til uppsagnar starfsfólks.

Í áliti sínu 5. október 1994 komst kærunefnd jafnréttismála að þeirri niðurstöðu, að gagnáfrýjandi hefði með uppsögn Brynju Birgisdóttur 30. apríl 1993 brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Ákvæði 4. tl. 1. mgr. 6. gr. bannar atvinnurekendum að mismuna starfsfólki eftir kynferði við uppsögn úr starfi. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar ber atvinnurekanda að sýna kærunefnd fram á, að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans um uppsögn. Þótt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 gildi ekki um meðferð mála fyrir dómstólum, þykir gagnáfrýjandi verða að sýna fram á, að uppsögn Brynju hafi ekki falið í sér kynjamismunun í skilningi laganna, þar sem fram er komið, að hún hafði umtalsvert lengri starfsaldur hjá fyrirtækinu en karlmaðurinn, sem í hlut átti.

II.

Með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 28/1991 átti gagnáfrýjandi að senda kærunefnd jafnréttismála skriflegar upplýsingar um menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika, sem karlmaðurinn hefði að mati fyrirsvarsmanna fyrirtækisins umfram Brynju Birgisdóttur. Upplýsingarnar voru veittar um þessi og fleiri efni, en hefðu mátt vera skýrari í nokkrum atriðum.

Þorbjörn Stefánsson, innkaupastjóri sérvöru, kvaðst fyrir dómi taka ákvörðun um ráðningu, uppsagnir og laun innkaupamanna sérvöru innan þess ramma, sem honum væri settur. Hann kvaðst hafa tekið þá ákvörðun að segja Brynju upp störfum. Fram kom, að skipulagsbreytingarnar höfðu meiri áhrif á innkaupasvið Brynju en karlmannsins, og svo taldi Þorbjörn, að arðsemi innkaupasviðs hans hefði verið meiri. Um þetta síðarnefnda liggja ekki fyrir óyggjandi gögn. Í áliti kærunefndar jafnréttismála er á því byggt, að hlutfall kvenna og karla í starfi innkaupamanna og sambærilegra starfa innan fyrirtækisins á þeim tíma, sem Brynju var sagt upp, hafi verið

konum óhagstætt. Þó hafi fleiri konur unnið sem innkaupamenn sérvöru. Samkvæmt gögnum málsins, sem stafa frá gagnáfrýjanda, voru innkaupamenn sérvöru þrettán með Þorbirni á þeim tíma, sem Brynju var sagt upp, þar af voru tíu konur. Auk þess unnu í deildinni þrír aðstoðarmenn, allt konur. Þessi gögn hafa ekki verið hrakin.

Fallast má á það með kærunefnd jafnréttismála, að eðlilegt sé að skoða kynjahlutfall innan fyrirtækis í víðara samhengi og binda sig ekki við eina deild stórs fyrirtækis, þegar hugað er að framkvæmd jafnréttislaga nr. 28/1991. Ágreiningur er hins vegar um það með aðilum, hvort einhver önnur störf innan fyrirtækisins séu sambærileg, og nýtur ekki skýrra gagna um það. Mat á því, hvað telja beri sambærileg störf, verður að teljast erfiðleikum háð, og verður það ekki eingöngu lagt á gagnáfrýjanda að afla upplýsinga um það. Ber hér að líta til þess, að Brynja hafði verið lengi í þjónustu gagnáfrýjanda við ýmis störf og því kunnug starfsemi fyrirtækisins. Að framan er það rakið, að í innkaupadeild sérvöru hallaði mjög á karlmenn, og fram er komið, að skipulagsbreytingarnar höfðu meiri áhrif á starfssvið Brynju en karlmannsins. Verður því að telja gagnáfrýjanda hafa sýnt nægilega fram á, að Brynju Birgisdóttur hafi ekki verið mismunað eftir kynferði. Staðfest er því niðurstaða héraðsdóms um sýknu gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi er stórt fyrirtæki með fjölda starfsmanna. Af gögnum málsins má ráða, að hreyfing var á starfsliði innkaupadeildar sérvöru. Við takmarkaðar skipulagsbreytingar ættu að vera tök á því að leita fyrst annarra leiða, áður en kæmi til uppsagna starfsfólks. Engra gagna nýtur um, að Brynju hafi verið boðið sambærilegt starf, þótt því sé haldið fram. Að þessu athuguðu verður málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Dómsorð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. janúar 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. desember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af kærunefnd jafnréttismála, kt. 660691-2009, Laugavegi 13, Reykjavík, vegna Brynju Birgisdóttur, kt. 070358-2639, Safamýri 38,

Reykjavík, á hendur Hagkaupum hf., kt. 671280-0169, Skeifunni 15, Reykjavík, með stefnu, birtri 9. maí 1995.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

Stefnandi gerir í fyrsta lagi þær kröfur, að dæmt verði, að uppsögn Brynju Birgisdóttur úr starfi innkaupamanns hjá stefnda, Hagkaupum hf., 30. apríl 1993 hafi verið ólögmæt og brot á meginreglum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Í öðru lagi gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða Brynju Birgisdóttur 2.112.615 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Þá er þess krafist, að stefndi greiði stefnanda málskostnað að mati dómsins auk fjárhæðar, er jafngildi virðisaukaskattsgreiðslu stefnanda af málskostnaðarfjárhæð.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins. Til vara er gerð sú krafa, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

I.

Atvik máls og ágreiningsefni.

Málsatvik eru þau, að Brynja Birgisdóttir hóf störf hjá stefnda árið 1972. Upphaflega vann hún á afgreiðslukössum á sumrin meðfram námi, þar til hún tók stúdentspróf á árinu 1979. Síðla árs 1979 kom hún til fullra starfa hjá stefnda og starfaði upphaflega sem aðstoðarmaður innkaupa á snyrtivörum. Þá var hún um tíma aðstoðarmaður tveggja framkvæmdastjóra. Frá 1. janúar 1981 til 1. nóvember 1988 var hún gjaldkeri hjá stefnda, en að lokum innkaupamaður í sérvörudeild frá 1. nóvember 1988. Með bréfi, dags. 30. apríl 1993, var Brynju sagt upp störfum frá og með 1. maí þ. á. með þriggja mánaða fyrirvara. Engin ástæða uppsagnar var tilgreind í uppsagnarbréfinu. Forsvarsmenn fyrirtækisins ákváðu að greiða henni laun út ágústmánuð. Fyrstu mánuði ársins 1993 var unnið að skipulagsbreytingum í innkaupadeild sérvöru hjá Hagkaupum hf. Á innkaupasviði Brynju voru þá m. a. kaup á viðlegubúnaði, sportvöru, sumarhúsgögnum, ferðatöskum, ritföngum og bókum. Á öðru innkaupasviði voru búsáhöld og gjafavörur að hluta, og var innkaupamaður þess sviðs Sverrir Tynes. Liggur fyrir, að einhverjir vöruflokkar af báðum þessum innkaupasviðum voru færðir í innkaupadeild matvöru. Jafnframt var ákveðið að taka innkaup á ritföngum og bókum af innkaupasviði Brynju og fela þau ritfanga- og bókaverslun. Skipulagsbreytingar þessar leiddu síðan til sameiningar innkaupasviðs Brynju og Sverris og ákveðið, að Sverrir skyldi sjá um þau innkaup. Eftir

það var Brynju svo sagt upp störfum hjá fyrirtækinu, en henni hafði áður verið boðið starf af hálfu stefnda hjá systurfélagi þess, Baugi hf., en því hafnaði hún.

Í september 1993 óskaði Brynja eftir því við kærunefnd jafnréttismála, að kannað yrði, hvort uppsögn sín úr umræddu starfi hjá stefnda bryti gegn ákvæðum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu kvenna og karla, þar sem henni hafði verið sagt upp störfum, en ekki Sverri Tynes, innkaupamanni í búsáhaldadeild. Kærunefnd jafnréttismála tók kvörtunarefnið til efnisúrlausnar og taldi í niðurstöðu sinni 5. október 1994, að uppsögn Brynju hefði brotið gegn 4. tl. 6. gr., sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991. Uppsögn þessi er ágreiningsefni málsins, en mál þetta er höfðað til viðurkenningar á rétti Brynju og til greiðslu bóta.

II.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi málsins vísar til þess, að eitt af meginmarkmiðum laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sé að tryggja konum jafnstöðu á við karla á vinnumarkaði. Margvíslegar skyldur séu lagðar á atvinnurekendur, til að þeim tilgangi verði náð. Megi í því sambandi nefna 5. gr. laganna, sem kveði á um, að atvinnurekendur og stéttarfélög skuli vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Tekið sé sérstaklega fram, að atvinnurekendur skuli vinna að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis eða stofnunar og stuðla að því, að störf flokkist ekki í kvenna- og karlastörf. Samkvæmt 6. gr. laganna sé atvinnurekendum óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og gildi það m. a. um uppsögn úr starfi, sbr. 4. tl. 1. mgr. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal atvinnurekandi, ef máli er vísað til kærunefndar, sýna nefndinni fram á, að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

Kærunefnd jafnréttismála hafi komist að því, að óumdeilt væri, að einungis tveir innkaupamenn hafi komið til álita, þegar ákveðið var að fækka í innkaupadeild sérvöru, Brynja Birgisdóttir og Sverrir Tynes. Menntun þeirra hafi verið sambærileg, bæði hafi lokið stúdentsprófi. Starfsreynsla hennar hjá fyrirtækinu hafi hins vegar verið mun lengri eða samfellt frá árinu 1979, en hans frá 1987. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli nefndarinnar hafi forsvarsmenn stefnda ekki lagt fram nein óyggjandi gögn til stuðnings þeirri fullyrðingu sinni, að árin 1990 til 1992, er þau Sverrir og Brynja voru bæði starfandi sem innkaupamenn, hafi hans svið komið betur út úr mati en hennar. Horfa beri til þess, að einungis fyrirtæki geti lagt fram gögn um samanburð milli innkaupasviða, það sé ekki í valdi kæranda. Þess vegna

hljóti Hagkaup hf. að bera hallann af því, að sönnun þess, að Sverrir Tynes hafi verið hæfari en Brynja, hafi ekki tekist, og sé þá vitnað til 2. mgr. 6. gr. jafnréttislaga.

Dómkrafa stefnanda lúti að því, að dæmt verði, að umrædd uppsögn Brynju verði metin ólögmæt og brot á lögum nr. 28/1991 í fullu samræmi við niðurstöðu kærunefndar jafnréttismála. Málsrök og niðurstaða kærunefndar í málinu séu studd fjölda gagna, og ekki sé því vafi, að umrædd lög hafi verið brotin með uppsögn Brynju. Samkvæmt 21. gr. laganna hafi kærunefnd jafnréttismála heimild til að höfða mál til viðurkenningar á rétti Brynju í samráði við hana, fallist aðili ekki á tilmæli nefndarinnar. Svo hafi ekki verið gert í þessu tilfelli.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 28/1991 sé sá, sem af ásettu ráði eða vanrækslu brjóti gegn jafnréttislögum, skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Fjártjón Brynju í þessu máli sé augljóst. Hún hafi alið barn í júnímánuði 1994. Hún hafi verið atvinnulaus frá ágústlokum 1993 til júní 1994. Tjón hennar vegna hinnar löglausu uppsagnar sé því laun í níu mánuði. Eftir júnímánuð 1994, er Brynja hafði alið barn, var hún óvinnufær af þeim sökum, og takmarkist tjón hennar við það, að hún hafi fengið fæðingarorlof við barnsburð. Er gerð til þess krafa í samræmi við 22. gr. laga nr. 28/1991, að stefnda verði gert að greiða Brynju skaðabætur, er nemi þessu tjóni hennar, enda liggi til grundvallar, hvaða laun Brynja hafði, þegar henni var sagt upp störfum á sínum tíma.

Samkvæmt fram lögðum launaseðlum hafi laun stefnanda með bifreiðarstyrk verið 204.090 kr., þegar hún hætti störfum að loknum uppsagnarfresti í ágústlok 1993. Þau mánaðarlaun séu lögð til grundvallar þá næstu níu mánuði, sem Brynja hafi verið launalaus, eða þar til í júníbyrjun 1994, samtals 1.836.810 kr. Til viðbótar sé bótakrafa vegna orlofs, 186.803 kr. Til frádráttar koma atvinnuleysisbætur tímabilið 1. september 1993 til 1. júní 1994, 410.998 kr. Bótakrafa vegna tapaðra launa og orlofs sé því samtals 1.612.615 kr.

Í 22. gr. laga nr. 28/1991 segi enn fremur, að dæma megi hlutaðeigandi til að greiða þeim, sem misgjört sé við, auk bóta fyrir fjártjón fégjald fyrir hneisu, óþægindi og röskun á stöðu og högum. Með því að víkja Brynju úr starfi með þessum hætti og láta hana þar með víkja fyrir karlmanni, sem hafi skemmri starfsaldur, en sambærilega menntun, hafi Brynja orðið fyrir töluverðri hneisu og verulegri röskun á stöðu og högum. Hafa ber í huga, að Brynja hafði, þegar hér var komið, starfað hjá stefnda allt frá árinu 1972, yfir 20 ár samtals, og þar af mestan tímann í fullu starfi. Með uppsögninni sé lítið gert úr störfum hennar hjá stefnda. Réttur hafi verið brotinn á henni

og henni misboðið. Snögg umskipti hafi orðið á högum hennar til hins verra. Möguleikar á atvinnu séu litlir. Eiginmaður Brynju hafi verið við nám, þegar þetta gerðist, og hafi ætlað að halda því áfram, en orðið að hætta við vegna þessa. Brynju hafi verið gerð sú hneisa, að karlmaður, sem ekkert sérstakt hafði til brunns að bera umfram hana og hafði þar að auki skemmri starfsaldur hjá stefnda, hafi verið ráðinn í starf, sem hún hafði að miklum hluta gegnt áður. Þá sé sett fram krafa um 500.000 kr. í miskabætur á grundvelli 22. gr. laga nr. 28/1991. Samtals sé því bótakrafa stefnanda 2.112.615 kr.

III.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Málsástæður fyrir aðalkröfu stefnda eru þær, að honum hafi verið heimilt að segja Brynju Birgisdóttur upp störfum 30. apríl 1993 með samningsbundnum þriggja mánaða fyrirvara án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Vinnusamningar séu að íslenskum rétti ein tegund gagnkvæmra kröfuréttarsamninga. Aðilum vinnusamningsins sé að meginstefnu til heimilt að semja sín á milli um ákvæði hans. Leiði þetta af grundvallarreglunni um samningsfrelsi. Í þessu felist, þegar fjallað sé um uppsögn úr starfi, að einkum verði að líta til vinnusamnings málsaðila, þegar túlka eigi, hvort brotið hafi verið á öðrum samningsaðilanum. Í vinnusamningi Brynju og stefnda hafi gilt við uppsögn hans 30. apríl 1993 ákvæði kjarasamnings Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Óumdeilt sé, að þeim samningi hafi hvor aðili mátt segja upp með þriggja mánaða fyrirvara. Þennan rétt hafi stefndi nýtt sér og sagt Brynju upp störfum. Í málinu telur stefnandi, að jafnréttislög nr. 28/1991 hafi reist þær skorður, að Brynju yrði ekki sagt upp undir þeim kringumstæðum, sem um sé fjallað í máli þessu. Jafnréttislögin nr. 28/1991 verði hins vegar að túlka þröngt, þar sem þau séu í andstöðu við meginreglu samningsfrelsis. Þá beri og að hafa lög nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o. fl. í huga, en 1. gr. þeirra setji samningsfrelsinu skorður og segi, að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semji um, skuli vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein og að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveði, skuli vera ógildir. Í máli þessu styðst stefndi beinlínis við ákvæði, er aðildarsamtök vinnumarkaðarins hafi samið um sem grundvallarreglu um gagnkvæma uppsögn. Ríkar kröfur verði því að gera til þess, að það verði upplýst, að Brynju hafi verið sagt upp vegna þess, að hún sé kona, til þess að kröfur hennar verði teknar til greina, og að stefndi verði talinn hafa brotið gegn ákvæðum laga nr. 28/1991.

Í máli þessu sé raunverulega um það að ræða, að innkaupasvið Brynju hafi verið lagt niður. Vegna hagræðingar í rekstri, m. a. með tölvuvæðingu innkaupa, hafi þótt hentugt að færa þau innkaup, sem áður voru í verkahring Brynju, yfir á innkaupasvið búsáhalda. Hún geti ekki átt þá kröfu á hendur stefnda að halda áfram starfi eða launum, eftir að starfsvettvangur hennar hverfi með þessum hætti.

Í málinu heldur stefndi því jafnframt fram, án þess að hann telji sig hafa sönnunarbyrði fyrir því, að stefnanda hafi ekki verið sagt upp störfum vegna kynferðis, að frammistaða hennar hafi ekki verið sem skyldi í starfi, að framlegð hennar sem innkaupamanns hafi ekki verið viðunandi, innkeyptur lager hafi yfirleitt verið of stór, þekking hennar á þeim vöruflokkum, sem henni voru falin innkaup á, hafi ekki verið sem skyldi, og því hafi uppsögn hennar verið rökbundin afleiðing hagræðingar í rekstri og algerlega óháð kynferði hennar.

Í niðurstöðu kærunefndar komist kærunefnd að þeirri niðurstöðu, að framlegð miðað við sölu sé ekki góður mælikvarði á hæfni. Þessari niðurstöðu mótmælir stefndi sem alrangri, enda viðtekin venja í verslunarrekstri að meta frammistöðu einmitt eftir framlegð. Þá segi kærunefnd, að við mat á því, hvenær uppsögn teljist brot á ákvæðum jafnréttislaga, beri að hafa til hliðsjónar sömu sjónarmið og getur í 8. gr. s. l. um setningu eða skipun í starf. Þessari lagatúlkun mótmælir stefndi ex tuto, enda hljóti allt önnur sjónarmið að gilda um uppsögn, eftir að reynsla sé komin á getu starfsmanns til þess að sinna tilteknu starfi.

Einnig bendir stefndi á, að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 sé ákvæði, sem segi, að atvinnurekandi skuli sýna kærunefnd fram á, að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans. Með öðrum orðum kveði lagagreinin á um öfuga sönnunarbyrði fyrir kærunefnd. Slík sönnunarbyrði gildi hins vegar ekki í dómsmálum, sbr. sérstaklega ummæli þar að lútandi í greinargerð með lagafrumvarpinu. Í máli þessu beri stefnandi því sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni, að kynferði Brynju hafi ráðið úrslitum um, að henni hafi verið sagt upp störfum, en ekki Sverri Tynes. Telur stefndi, að sönnunarbyrði í máli þessu hvíli ótvírætt á stefnanda, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 i. f. Það sé almennt viðurkennd grundvallarregla, að sækjandi máls beri sönnunarbyrðina að meginstefnu til fyrir staðhæfingum sínum.

Komi til þess, að dómurinn viðurkenni, að réttindi hafi verið brotin á Brynju með uppsögn hennar úr starfi hjá stefnda 30. apríl 1993, er gerð sú krafa, að fjárkröfur hennar verði stórlega lækkaðar.

Í fyrsta lagi hljóti að þurfa að ákveða fjártjón hennar með einhverjum

sannindum. Málsástæður stefnanda séu algerlega haldlausar í þessu efni. Virðist hún halda því fram, að stefnda beri að greiða henni laun áfram, eftir að uppsagnartíma hennar lauk, en eingöngu vegna barnsburðar hennar hafi þeirri greiðsluskyldu lokið í júní 1994. Krafan lúti því raunverulega að því að fá tildæmd laun í fjórtán mánuði, en hún hafi þegar fengið greidd laun fyrir óunninn uppsagnarfrest að viðbættum einum mánuði. Engin rök séu færð fram af hálfu stefnanda, hvers vegna Brynja eigi að njóta launa frá stefnda í þetta langan tíma.

Þá gerir stefndi kröfu til þess, að til frádráttar ákvörðuðum bótum verði dregin laun stefnanda í þrjá mánuði og tíu daga, þ. e. frá 21. maí 1993 til 31. ágúst 1993, sem stefndi hafi greitt umfram skyldu á uppsagnarfresti Brynju, þrátt fyrir það að hún hafi ekki sinnt starfsskyldum sínum á þeim tíma. Verði þannig talið, að tjón Brynju samsvari sex mánaða launum, beri að draga þrjá mánuði og tíu daga frá.

Brynja hafi ekkert gert til þess að reyna að takmarka tjón sitt, svo sem henni hafi borið að gera. Þannig hafi hún hafnað sambærilegu starfi hjá Baugi hf. við uppsögnina. Af þessari ástæðu beri að hafna algerlega bótakröfu hennar. Miskabótakröfu stefnanda, 500.000 kr., er mótmælt sem allt of hárri og í engu samræmi við venju í íslenskum rétti.

Stefndi vísar til almennra reglna kröfu- og samningsréttar máli sínu til stuðnings. Enn fremur vísar stefndi til kjarasamnings Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o. fl., laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV.

Niðurstaða.

Svo sem fram er komið, miðar stefnandi málsins við það, að með uppsögn Brynju Birgisdóttur úr starfi hjá stefnda hafi verið brotið gegn 6. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar segir, að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði, og samkvæmt 4. tl. ákvæðisins gildi það um uppsögn úr starfi.

Svo sem rakið hefur verið, voru gerðar skipulagsbreytingar hjá stefnda árið 1993, sem leiddu til þess, að innkaupasvið Brynju Birgisdóttur og annars starfsmanns stefnda, Sverris Tynes, voru sameinuð. Í framhaldi var henni sagt upp starfi, en ekki virðist vera ágreiningur um það, að einungis þau tvö hafi komið til álita um fækkun starfsfólks í innkaupadeild sérvöru. Stefnandi heldur því fram, að Brynja hafi verið mun hæfari til starfsins en sá, sem tók við starfssviði hennar, og jafnframt verið með mun meiri

reynslu. Hafi henni því réttilega borið að halda sínu starfi, þar sem valið stóð milli hennar og annars starfsmanns, sem var ekki jafnhæfur miðað við reynslu og starfsaldur. Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 beri stefnda að sýna fram á, að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans.

Af hálfu stefnda hefur því verið andmælt, að kynferði hafi ráðið nokkru um uppsögn Brynju. Hjá fyrirtækinu hafi verið gerðar skipulagsbreytingar í sparnaðar- og hagræðingarskyni, sem studdar hafi verið rekstrarlegu mati stefnda. Ákveðið hafi verið að gera hagræðingarbreytingar á ýmsum sviðum innan fyrirtækisins, m. a. í innkaupadeild, þar sem Brynja starfaði. Hagræðingin hafi m. a. falist í því að flytja ákveðna vöruflokka frá innkaupadeild sérvöru yfir í innkaupadeild matvöru. Með þeirri breytingu hafi verið unnt að sameina í eitt innkaupasvið búsáhöld, reiðhjól og viðlegubúnað auk svokallaðra tilboðsvara, sem falli vel að hinum sölusviðunum. Einnig hafi nýtt tölvukerfi í fyrirtækinu gert það að verkum, að innkaup á tímaritum, ritföngum og bókum hafi orðið mun einfaldari en áður hafði verið, enda allt birgðahald tölvuvætt. Með þessu hafi verið hægt að láta einn starfsmann sinna þessum viðskiptum í stað tveggja áður. Niðurstaða stefnda varð sú, að starfsmaðurinn Sverrir Tynes skyldi gegna því starfi. Við það er miðað, að frammistaða Brynju hafi ekki verið sem skyldi í starfi, framlegð hennar sem innkaupamanns ekki verið viðunandi, innkaup verið umfram áætlun hennar, og þess vegna hafi hún verið með of stóran lager og lágan veltuhraða.

Almennt séð er atvinnurekandi frjáls að því að ráða til sín starfsmenn og segja þeim upp. Hann er þó bundinn við þær reglur, sem um þetta gilda og kveðið er á um í lögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningi. Í máli þessu er til úrlausnar, hvort ákvæði laga nr. 28/1991 leiði til þess, að óheimilt hafi verið að segja Brynju Birgisdóttur upp starfi, eins og atvikum var háttað. Yfirlýstur tilgangur laganna samkvæmt 1. gr. þeirra er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum, og í 3. gr. laganna segir, að hvers kyns mismunun eftir kynferði sé óheimil. Við úrlausn á því, hvort réttur hafi verið brotinn á Brynju samkvæmt 6. gr. laganna, er henni var sagt upp starfi hjá stefnda, er til þess að líta, að samkvæmt gögnum máls átti sú uppsögn sér rekstrarlegar forsendur. Þegar sú ákvörðun var tekin, gat stefndi og tekið mið af þeirri reynslu, sem fengin var af henni í starfi. Að þessu leyti verður ekki lagt að jöfnu mat á starfshæfni starfsmanns við ráðningu og við uppsögn. Hlutlægt mat vinnuveitanda og samanburður á starfshæfni einstakra starfsmanna án tillits til kynferðis hlýtur að vera grundvallaratriði, er til álita kemur að fækka starfsfólki. Fyrir liggur,

að Brynja hafði til að bera lengri starfsaldur en Sverrir, en menntun þeirra var sambærileg. Hins vegar liggur fyrir í málinu það mat stefnda, sem stutt er þeim sjónarmiðum, sem fyrr eru rakin, að starfsmaðurinn Sverrir hafi verið hæfari til að gegna starfinu. Ekki verður annað séð en það mat stefnda hafi verið málefnalegt og nægilega rökstutt. Hefur því mati hans ekki verið hnekkt, enda er ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að regla 2. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1991 um sönnun eigi hér við.

Samkvæmt framansögðu er ekki fallist á, að stefndi hafi brotið gegn 4. tl. 6. gr. laga nr. 28/1991, er Brynju Birgisdóttur var sagt upp starfi 30. apríl 1993. Þá liggur ekki annað fyrir en hún hafi að fullu fengið greidd þau laun í uppsagnarfresti, sem hún átti kröfu til. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hagkaup hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, kærunefndar jafnréttismála, vegna Brynju Birgisdóttur í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.